



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

558. stjórnarfundur 4. febrúar 2021 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá ÍSÍ. Það er starfandi samskiptaráðgjafi fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf.

Tölvupóstur frá UMFÍ. Fréttabréf. Endurgreiðslur vegna launa og verktaka. Mótum saman nýja æskulýðsstefnu. Hvernig á að bregðast við? Viðbragðsáætlun um atvik, áreiti og eineltismál sem kunna að koma upp innan félaga.

Bréf og bæklingar frá Astma og ofnæmisfélagi Íslands.

Tölvupóstur frá Soffíu Ámundardóttur formanni íþróttasjóðs með tilkynningu um að félaginu væri veittu styrkur vegna myndbanda „Komdu í Keflavík”.

Tölvupóstur frá skjalaverði Reykjanesbæjar. Samningur við knattspyrnudeild vegna rekstrarsamnings á umhirðu knattspyrnuvalla.

Tölvupóstur frá skjalaverði Reykjanesbæjar með bókun íþrótt- og tómstundaráðs sem tekin var fyrir á fundi bæjarstjórnar 19. janúar. Málinu vísað til bæjarráðs 21. janúar 2021.

Tölvupóstur frá framkvæmdastjóra UMFÍ vegna lagabreytinga.

Tölvupóstur frá formanni Lýðheilsusjóðs, Kristínu Heimisdóttur, með upplýsingum um að rafíþróttadeildin hafi fengið styrk.

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendur á stjórnir og ráð.

Bréf ásamt samstæðureikningi Keflavíkur sent á Hafþór Barða Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúa vegna óskar um neyðarstyrk vegna Covid 19.

4. Aðalfundir deilda og félagsins 2021

Aðalfundum deilda er lokið.

Blakdeild verður með sömu stjórn.

Sunddeild Hilmar Örn Jónasson lét af sem formaður og Hanna Björg Konráðsdóttir var kjörin nýr formaður. Tvö silfurmerki voru veitt þeim Guðnýju Magnúsdóttur og Hilmari Erni Jónassyni.

Körfuknattleiksdeild verður með sömu stjórn. Fjögur bronsmerki veitt þeim Einari Birgi Bjarkarsyni, Einari Hannessyni, Kristjáni Helga Jóhannssyni og Ágústi Þór Guðmundssyni unglíngaráði.

Knattspyrnudeild, smá breyting á stjórn en sami formaður. Fimm bronsmerki veit þeim Gunnari Oddssyni, Karli Finnbogasyni, Þorleifi Björnssyni og Margeiri Vilhjálmssyni og Agli Sigmundssyni kvennaráði.

Fimleikadeild verður með sömu stjórn.

Rafíþróttadeild verður með sömu stjórn.

Aðalfundur Keflavíkur verður þriðjudaginn 23. febrúar kl. 19:00. Aðalstjórn undirritaði reikninga.

5. Neyðarstyrkur Covid 19

Bréf sent til bæjarstjórnar varðandi Neyðarstyrk frá Reykjanesbæ.

6. Önnur mál

A. Brjóstmynd af Hafsteini Guðmundssyni.

B. Nefnd segir frá hvað kom út úr fundi varðandi endurgreiðslur úr söfnunarsjóðum í nafni Keflavíkur. Ákveðið að framkvæmdastjóri og íþróttastjóri útbúi bréf sem fer til deilda með upplýsingum um reglur varðandi söfnun.

C. Stutt yfirlit frá íþróttastjóra.

D. Heimasíða Keflavíkur er komin í loftið.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 18. febrúar 2021

Fundi slitið kl. 19:30

Fundinn ritaði Eva Björk